

Bjarni og Glitnistopparnir sem seldu í Sjóði 9 og fólkkið sem tapaði

Bjarni Benediktsson hefur gert lítið úr þeirri staðreynd að hann seldi hlutdeildarskírteini í Sjóði 9 í aðdraganda bankahrunsins. Stundin leitaði til fólks sem tapaði á Sjóði 9 og á öðrum viðskiptum í aðdraganda hrunsins og heyrði sögur þeirra. Auk Bjarna seldu margir Glitnistoppar allar eignir sínar í Sjóði 9 rétt fyrir hrun.



Hólmfríður Tómasdóttir Dreymdi aldrei Sjóð 9

„Ég átti peninga í Sjóði 9 í bankahruninu. Ég man ekki nákvæmlega hver sagði mér að setja þá þangað en ég hlýtt að hafa fengið ráðgjöf um það frá einhverjum, kannski bankanum. Ég var sjálf ekki svo mikið inni í þessu. Sem betur fer þá dreymdi mig hins vegar draum sem gerði það að verkum að ég seldi þau hlutabréf sem ég átti í bönkunum. Þetta var nú samt bara eitthvert lítillt ráð. Mig dreymdi að ég væri að falla fram af bjargi og eftir þennan draum seldi ég hlutabréfin. Mig dreymdi hins vegar engan draum um Sjóð 9. Það var alltaf talað um þetta eins og þetta væri svo ægilega sniðugt. Á þessum árum þá man ég eftir því að maðurinn minn sat í stólnum sínum, hlustaði á útvarpið og puldí fyrir munn sinn: „Það er eitthvað mikið að í þessu landi. Það er ekki hægt að búa til peninga úr engu.““

Haustið 2008 Sala Bjarna Benediktssonar, ættingja hans og stjórnenda í Glitni í bankanum í aðdraganda hrunsins

GLITNIR Eiginkona Lárusar Weldings, bankastjóra *Glitnis*, byrjar að millifæra samtals **325 milljónir króna** úr Glitni. Upphæðin millifærð í þremur færslum: 19. og 25. september og 3. október. **19. september**

Fyrirverandi framkvæmdastjóri einkabankabjónustu *Glitnis*, Jóhann Ómarsson, selur í Sjóði 9 fyrir **97 milljónir**. Bjarni Benediktsson leysir út **30 milljónir** í Sjóði 1. **24. september**

Margir stjórnendur og lykilstarfsmenn í *Glitni* selja eignir sínar í Sjóði 9. Benedikt Sveinsson millifærir **500 milljónir** frá reikningi sínum í Glitni til *Flórída*. **26. september**



Benedikt Sveinsson innleysisr **160 milljónir** úr Sjóði 9. **27. september**

Bjarni Benediktsson situr neyðarfund í höfuðstöðvum Stoða út af erfiðleikum Glitnis. **28. september**

21. september Lárus Welding dregur úr erfiðleikum íslenska bankakerfisins í viðtali í *Silfri Egils*.



Engin hætta á yfirtöku Glitnis „Alls ekki. [...] Núna er hlutfallsleg staða íslensku bankanna að batna. [...] Það verða sveiflur á krónunni til skamms tíma en til lengri tíma mun hún styrkjast. [...] Staða íslensku bankanna er alls ekki svo slæm.“

Lárus Welding, bankastjóri Glitnis, tjáir sig um stöðuna í íslenska bankakerfinu í viðtali í *Silfri Egils* og dregur úr vanda þess með því að segja að það sé „alls ekki“ þannig að íslenska ríkið muni þjóðnýta banka og að Glitni geti ríðað til falls. Þegar Lárus fór í viðtali var eiginkona hans byrjuð að millifæra fjármuni úr bankanum til Bretlands.

25. september Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður *Glitnis*, fundar með Davíð Oddssyni seðlabankastjóra og biður um lánafyrirgreiðslu fyrir bankann.



Geir bjóst við hagnaði af Glitni

„Ef að vel gengur og það er ekki ástæða til að ætla annað en að vel gangi hjá Glitni þegar lítið er fram á veginn að þá mun ríkissjóður innan tíðar losa sig við þessi hlutabréf á nýjan leik og hugsanlega og vonandi hafa af því einhvern fjárhagslegan ávinning. Það er þá sá ávinningur sem að ríkisvaldið fyrir hönd almennings fær fyrir að standa að þessari aðgerð.“

Geir H. Haarde forsætisráðherra tjáir sig um ætlaða yfirtöku ríkisins á Glitni og að íslenska ríkið muni hugsanlega hagnast á viðskiptunum.

29. september Íslenska ríkið segist ætla að yfirtaka **75 prósentu hlut** í Glitni til að reyna að bjarga bankanum.



Sjóður 9 lokar eftir inngríp íslenska ríkisins í starfsemi *Glitnis*.

2. október Bjarni Benediktsson selur fyrir tæpar **30 milljónir** í Sjóði 9.



5. október Geir H. Haarde segir að staða íslenska bankakerfisins sé ekki verr en í öðrum löndum.

Staðan ekki sérstaklega slæm á Íslandi

„Það eru vissulega erfiðir tímar eins og ég var að segja. Það er mesta kreppa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, sennilega síðan árið 1914. Hún er orðin alvarlegri úti í heimi heldur en hún var í kreppunni miklu á fjórða áratugnum og það er auðvitað ekkert skrytið að, að það hafi sin áhrif hér á Íslandi. Eins og í nálægum löndum. Það eru bankar eins og þið hafið tekið eftir í mjög erfiðum aðstæðum, úti um alla Evrópu og vestur í Bandaríkjunum og það reynir hver að bjarga sjálfum sér við þessar aðstæður. [...] Nei, nei. Ég myndi ekkert segja að við værum neitt sérstaklega verr stödd.“

Geir H. Haarde forsætisráðherra tjáir sig um stöðu bankakerfisins á Íslandi í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 og lýsir vandanum fyrst og fremst sem alþjóðlegum vanda.

ÚTTEKT Ingi Freyr Vilhjálmsson ingi@stundin.is

Hversu réttmætt er það mat Bjarna Benediktssonar að „allir skynsamir fjárfestar“ hafi verið að ihuga að selja hlutdeildarskírteini sín í Sjóði 9 um það leyti sem hann gerði það í byrjun októbermánaðar árið 2008? Bjarni lét þessi orð falla í viðtali við breska blaðið *The Guardian* í byrjun október síðastliðinn þegar hann var spurður út í sölu sína á 50 milljóna króna hlut í Sjóði 9 í aðdraganda bankahrunsins á Íslandi fyrir umfjöllun blaðsins, Stundarinnar og Reykjavík Media um viðskipti hans í Sjóði 9. „Allir skynsamir fjárfestar hefðu verið að ihuga að selja á þessum tíma.“ Bjarni hefur allt frá þessu gert lítið úr sölu sinni á hlutdeildarskírteinum í Sjóði 9 og talað þannig eins og allir eða flestir hefðu mátt vita að íslenska bankakerfið væri að hrýnja.

Þetta var hins vegar alls ekki raunin. Hvorki með tilliti til Sjóðs 9 eða annarra fjárfestinga fólks á Íslandi á þessum tíma, hvort sem um var að ræða í peningamarkaðs-sjóðum Glitnis, Landsbankans eða Kaupþings eða þá í hlutabréfum víðkomandi fjármálfyrirtækja. Eitt af því fyrsta sem einn ættingi minn sagði við mig þegar ég sagði honum frá því að Bjarni Benediktsson hefði selt eignir sínar í Sjóði 9 fyrir bankahrunið 2008 var: „Nú, var það? Ég tapaði fullt af peningum á Sjóði 9.“

Lítið tekið úr sjóðum Glitnis Bjarni hefur samt reynt að láta líta út fyrir að öllum hefði mátt og átt að vera ljóst hversu alvarleg staða bankakerfisins var. „Öllum Íslendingum var ljóst að það var eitthvað mjög alvarlegt að gerast í bankakerfinu og ég bjó ekki yfir neinum trúnaðarupplýsingum,“ sagði Bjarni nú í október í viðtali við *Visi*. Á það skal meðal annars bent að framkvæmdastjóri eignastýringar Glitnis í hrúninu 2008, Eggert Þór Kristófersson, sagði meðal annars í

viðtali við RÚV þann 31. september 2008 að ekki hefði verið mikið um það að fólk hefði innleyst fjármuni sína úr peningamarkaðs-sjóðunum á þessum tíma. Þetta bendir til að sú almenna vitneskja almennings um stöðu bankakerfisins, sem Bjarni visar til, hafi hreint ekki verið svo útbreidd á þessum tíma. Sjálfur hafði Bjarni hins vegar meðal annars verið viðstaddur á fámennum neyðarfundum í Stoðum nokkrum dögum áður en hann seldi í Sjóði 9, en stór hluti af eignum sjóðsins reyndust vera kröfur á Stoðir.

Skýring Bjarna um almenna vitneskju fólks á stöðu bankakerfisins á þessum tíma virðist því vera eftirráðgjöring.

„Venjulega fólkkið“ sem tapaði Fjölmargin fólki, „venjulegt fólk“, tapaði háum fjárhæðum við fall íslensku bankanna af því það seldi ekki eignir sínar í aðdraganda þess. Í einhverjum tilfellum var fólk ráðið frá því af starfsmönnum þeirra fjármála-fyrirtækja sem það skipti við, meðal annars eins og í tilfelli konunnar sem átti nokkurra milljóna króna hlutabréfaeign í FL Group, stærsta hluthafa Glitnis, og sem rétt er við hér í greininni. Eins og konan segir: „En það var ekki fyrr en í september 2008 sem ég fór að hugsa um hvort eitthvað óeðlilegt væri á seyði, hvort ég ætti að ná í þessa aura, og hringdi í bankann. Elskan mín, ekki hafa einar áhyggjur, þetta fer upp von bráðar. Og svo fór sem fór.“

Þessi kona átti ekki hlutabréf upp á hundruð milljóna eða tugi milljóna í FL Group heldur voru þetta nokkrar milljónir sem hún hafði safnað saman í gegnum árin með sparifé sínu. Þetta voru samt himinháar fjárhæðir fyrir hana og hafði hún hugsað upphæðina sem eins konar lífeyrissjóð til framtíðar.

Alveg óvíst með endurheimtur Bjarni Benediktsson segir að hann hafi ekki búið yfir neinum innherj-upplýsingum á þessum tíma, að viðskipti hans hafi staðist lög og að eftirlitsaðilar hafi farið í gegnum

Starfsmenn Glitnis og aðilar tengdir Glitni sem seldu í Sjóði 9

Lykilstarfsmenn í *Glitni* seldu eftir fund Þorsteins Más Baldvinssonar og Davíðs Oddssonar.

24. september

Jóhann Ómarsson **96,6 milljónir**

25. september Baugur Group **289 milljónir**

26. september

Eiríkur S. Jóhannsson **40 milljónir kr.**

BK-44 ehf. (Birkir Kristinnsson) **30 milljónir**

Jóhannes Baldursson **17,7 milljónir**

6. október

Einar Sveinsson selur fyrir **1,023 milljónir** í Sjóði 9. Bjarni Benediktsson selur fyrir **21 milljónir** í Sjóði 9.



Geir H. Haarde mælir fyrir neyðarlögunum vegna bankahrunsins og Alþingi staðfestir þau. **6. október**

Hætta á þjóðargjaldþroti

„Í því ógnarástandi sem nú ríkir á fjármálamörkuðum heimsins þá felst mikil áhætta í því fyrir íslenska þjóðina alla að tryggja bönkunum örugga líflínu. Þetta verða menn að hafa í huga þegar talað er um erlenda lántöku ríkissjóðs upp á þúsundir milljarða til að verja banka og þeim ólögsum sem þeir eru nú staddir í. Sú hætta er raunveruleg, góðir landsmenn, að íslenska þjóðarbúið myndi, ef allt færi á versta veg, sogað með bönkunum inn í brimrótið og afleiðingin yrði þjóðargjaldþrot.“

Geir H. Haarde forsætisráðherra Íslands á degi neyðarlaganna 2008.

7. október Fjármálaeftirlitið yfirtekur *Landsbanka Íslands*.

Fjármálaeftirlitið yfirtekur *Landsbanka Íslands*.

Fjármálaeftirlitið yfirtekur *Kaupþing*.

31. október Eigendur hlutdeildarskírteina í *Sjóði 9* fá greidd **85,12 prósent** af innistæðum sínum á lokadegi viðskipta með sjóðinn þann 6. október.

Í skýrslunni er fjallað um hvernig starfsmenn Glitnis, þeir

Birkir Kristinnsson, Jón Garðar Guðmundsson og Jóhann Ómarsson hafi allir selt eignir í Sjóði 9 dagana 24. til 26. september árið 2008.

“Allir skynsamir fjárfestar hefðu verið að ihuga að selja á þessum tíma.“

Bjarni Benediktsson

Fundur Þorsteins Más og Davíðs

Framhald á næstu síðu ▶



Á þessum tíma var Bjarni Benediktsson bæði stjórnmálamaður og þingmaður flokksins sem leiddi ríkissjórn Íslands, sem og fjárfestir og prókúruhafi eins stærsta lántakanda Glitnis, N1 og tengdra félaga. Bjarni átti auk þess í miklum samskiptum við starfsmenn Glitnis á þessum tíma eins og gögnin sýna fram á og Stundin hefur reifað.



Erfið sönnunarstaða

Svo fór á endanum að slitastjórn Glitnis höfðaði engin riftunarmál gegn fyrrverandi starfsmönnum bankans út af þessum viðskiptum með hlutdeildarskírteini í Sjóði 9. Ein af ástæðunum var sú að sönnunarstaða í málunum var mjög erfið, samkvæmt skýrslu KPMG, þar sem sýna þurfti fram á að starfsmennirnir hafi búið yfir upplýsingum sem ekki voru aðgengilegar öðrum eiginðum hlutdeildarskírteina á umræddu tímabili. Hið sama hefði átt við um Bjarna Benediktsson.

Þá rannsakaði Fjármálaeftirlitið viðskipti með Sjóði 9 í aðdraganda bankahrunsins eftir hrunið og sendi kæru vegna þeirra til embættis sérstaks saksóknara. Saksóknaraembættið lét rannsóknina hins vegar niður falla. Þegar lítið er til þess að ákærvaldið aðhafist ekkert gegn fyrrverandi starfsmönnum Glitnis, sem seldu fyrir háar fjárhæðir í Sjóði 9 eftir fundahöld Þorsteins Más Baldvinssonar og Davíðs Oddssonar um slæma stöðu Glitnis, þá verður að teljast afar ólíklegt að viðskipti Bjarna Benediktssonar í Sjóði 9 hafi verið litin alvarlegum augum.

Staðreyndin er hins vegar sú að þessir starfsmenn Glitnis seldu eignir sínar í Sjóði 9 og Bjarni Benediktsson líka á meðan fjölmargir einstaklingar sem ekki störfuðu í stjórnmálum eða í bankakerfinu brunnu inni með þessar eignir og töpuðu oft og tíðum háum fjárhæðum vegna þess. ■



Guðjón Sigurðsson, formaður MND félagsins á Íslandi

Sjóður 9 var hin eina sanna lausn

„Þetta situr í mér ennþá þótt okkar félag hafi ekki tapað neinu að lokum. Bæði var að við áttum ekki mikla peninga og svo beitti ég mér af hörku við arftaka Glitnis. Á þeirri stundu var alveg óvíst hverjar endurheimtur yrðu í þessum fjandans sjóði.

Við höfðum í gegnum tíðina verið með of marga reikninga í gangi og óþarflega marga að mati endurskoðanda. Líknarsjóður, styrktarsjóður, framkvæmdasjóður og marga fleiri. Við töluðum við Glitni, sem tók á móti okkur með eina sanna lausn. Loka þessum bankabókum flestum og leggja allt inn á Sjóð 9. Það væri örugg ávöxtun, miklu betri en bækur og nánast eins laus og liðugur og bankabók. Sem betur fer áttum við ekki mikið af aurum, en það sem mér fannst ljótast var að láta svíkja það fé sem Íslendingar treystu okkur fyrir. Mörg líknarfélög töpuðu miklum peningum með því að láta glepjust inn í Sjóð 9 og aðra svipaða sjóði.“

Guðmundur Gunnarsson

Pabbinn sem tapaði ævisparnaðinum



„Lífeyrissjóður föður míns var fölginn í sölu á því fyrir-tæki sem hann hafði byggt upp og setti það allt í eignastýringu Landsbankans. Hann spurði mig nokkru fyrir hrun hvort hann ætti að færa peninga sína og ég sagði honum að við mæltum alltaf með því að þegar fólk væri komið yfir sextugt að það færi sparnað sinn á örugga staði því þá hefði það ekki svigrúm til þess að vinna inn niðursveiflur. Hann talaði við spekinga Landsbankans nokkru fyrir hrun og þeir sögðust sjá um þetta, engin viðvörn eða tilfærslur komu og svo

fór að hann tapaði hverri einustu krónu af sínum lífeyrissjóði. Þúsundir Íslendinga töpuðu eignum sínum á meðan aðrir höfðu innherjaupplýsingar og björguðu sér. Allt fram á síðustu stundu voru fjármálaráðgjafar bankanna og fjárfestingarsjóðanna að fá fólk til þess að leggja fram fjármuni í vonlaus dæmi. „Seldu húsið þitt og láttu okkur sjá um peningana þína, við skulum láta þá vinna fyrir þig og lána þér fyrir draumaíbúðinni.“

57 ára gömul kona sem býr í Reykjavík en vill ekki láta nafns síns getið

Hverjir seldu þessa daga?

„Eðlilega staldrar maður við, þegar Bjarni Benediktsson kemur með skýringar á sölu eigin hlutabréfa í Glitni og tilfærslu fé úr sjóði 9 það nánast litla ... korter ... sem opið var fyrir viðskipti þar hrundagana í október. Ætla ekki að gera lítið úr fjármálalæsi Bjarna en, mín tilfinning er að hann sé nánast skyggn.

Það er dapurlegt að hugsa um alla þá sem töpuðu peningum þessa daga. Margir hverjir, ja eins og ég, áttu hlutabréf í Glitni og keyptu árlega fyrir arðinn til þess að freista þess að eiga varasjóð til efri árunna. Ekki munum við útítvinnandi mæður sem höfum, eðlilega, verið fjarri vinnu-markaði x langan tíma á starfsævinni njóta þess úr lífeyrisjóðakerfum landsins.

En það var ekki fyrr en í september 2008 sem ég fór að hugsa um hvort eitthvað óeðlilegt væri á seyði, hvort ég ætti að ná í þessa aura, og hringdi í bankann. Elskan mín, ekki hafa neinar áhyggjur, þetta fer upp von bráðar. Og svo fór sem fór.

Það sem mig langar verulega mikið til að vita núna er, hverjir það voru til dæmis sem seldu bréf í bankanum þessa mánuði fyrir hrun og hverjir það voru sem færðu fé úr sjóði 9 annað þetta ... korter ... sem opið var fyrir viðskiptin.“

Ingjaldur Arnþórsson

Varð veikur út af tapinu á Sjóði 9



„Ég fjárfesti í Sjóði 9 að ráðleggingum bankans á Akureyri því ég hafði ágætis tekjur á þessu tímabili. Mér fannst allir vera að græða á þessum sjóðum. Bankinn sagði mér að Sjóður 9 væri langbestur og hann hækkaði líka

Ég tapaði svo þessum peningum. Eftir það varð ég svo veikur.

upp úr öllu valdi og ég féll algjörlega fyrir þessu. Ég greiddi mánaðarlega í þetta af mínum launum. Auðvitað get ég ekkert skotist undan ábyrgð á þessu, þetta var algjörlega á mína ábyrgð. Ég tapaði svo þessum peningum. Eftir það varð ég svo veikur út af því að ég tapaði öllum þessum peningum. Mér brá svo mikið að ég fór bara í algjört „blackout“. Ég veit enn þann dag í dag ekki hvað ég tapaði miklu. Þetta voru 4 til 6 milljónir. Einhver myndi kannski segja að þetta væru bara vasapeningar en þetta var það ekki fyrir mig, venjulegan launþega. Ég fékk bréf í póstinum eftir bankahrunið þar sem ég fékk bara þær upplýsingar að allir þessir peningar hefðu tapast.“

Vilborg Davíðsdóttir

Peningamarkaðssjóðirnir áttu að búa til peninga



„Ári fyrir hrun ákváðum við maðurinn minn heitinn að leggja varasjóðinn okkar inn á þessa peninga-markaðssjóði Glitnis og Landsbankans sem sifellst var verið að dásama sem nánast peningaprentvélar, svo mikil væri ávöxtunin. Svo skemmtum við okkur við að metast um hvort hefði grætt meira þann daginn miðað við tölurnar sem birtust á heimabankanum, ég með mína milljón í Sjóði 9 hjá Glitni eða hann með sína hjá samsvarandi sjóði í Landsbankanum. Ég man að tengdamamma hafði orð á því stuttu fyrir hrun

að kannski færu bankarnir á hausinn og þá gætum við tapað þessu fé. Við hristum bara hausinn yfir áhyggjum gömlu konunnar, höfðum ekki hugmyndaflug í að það gæti gerst sem síðan varð. Þessar þrjár vikur sem við biðum eftir því að vita hvort eða hversu mikið yrði eftir af sparifénu voru heldur óþægilegar. En verra var vitanlega að sjá verðtryggt húsnæðislánið frá Landsbankanum rjúka upp í framhaldinu.“

Persónur og leikendur



Fólkið sem tapaði Bjarni Benediktsson hefur gert lítið úr þeirri staðreynd að hann varði sig frá tapi með sölu hlutdeildarskírteina sinna í Sjóði 9 dagana fyrir bankahrunið 2008. Langflestir töpuðu hins vegar sínum eignum í Sjóði 9 að hluta til.

MYND: SJÁLFTÆÐISFLOKKURINN Á FACEBOOK



Seldi í Sjóði 9 Birgir Kristinnsson, starfsmaður eignastýringardeildar Glitnis og fjárfestir, var einn þeirra sem seldi í Sjóði 9 rétt fyrir bankahrunið. Sjáfur sýslaði hann með fé fyrir fólk sem átti innistæður í Sjóði 9.

MYND: GEIRIX / PRESSPHOTOS.BIZ



Einn þeirra sem seldi Jóhannes Baldursson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Glitnis, var einn sem seldi í Sjóði 9 í aðdraganda bankahrunsins.



Fundur mikilvægur Siltastjórn Glitnis gerði talsvert með fund Davíðs Oddssonar og Þorsteins Más Baldvinssonar, stjórnarformanns Glitnis, þann 25. september 2008 en vitneskja um hann kann að hafa ýtt á starfsmenn Glitnis að selja í Sjóði 9.

MYND: PRESSPHOTOS

Sýslumaðurinn í Reykjavík lagði lögban á umfjöllun Stundarinnar 16. október síðastliðinn. Yfirstandandi er dómsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem þrotabú Glitnis fer fram á að lögbannið verði staðfest. Brot á lögbanni varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Til að fylgja lögum hefur Stundin því afmáð hluta umfjöllunarinnar sem túlka mætti sem brot á lögbaninu. Eftir stendur þannig sú umfjöllun sem aðrar heimildir eru fyrir en þau gögn sem lögbannið tekur til sem og endursógn af þegar birtri umfjöllun annarra fjölmiðla.